

Reglugjörð

fyrir Strandasýslu um notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettarhöld o. fl.

73
8. ágúst

1. gr.

Sjrhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fje sínu. Aðfengið fje skal hann marka upp undir eyrnamark sitt, annars að brennimerkja þær kindur, sem hyrndar eru, en festa spjald eða plötu, með skýru eignarmerki í eyrun á kollóttu fje.

2. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta að minsta kosti fimta hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja þau saman eftir stafrófsröð, í greinilega skrá. Í því skyni skal sjrhver markeigandi, skyldur til að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd, greinilega frá eyrna og brennimarki sínu. Sjrhver fjáreigandi greiðir 1 krónu fyrir hvert mark, hafi hann eigi nema tvö, en fyrir þriðja mark greiðist 8 krónur. Fyrir brennimark greiðist sama gjald og fyrir fyrsta og annað mark. Hreppsnefndin sendi síðan sýslunefndinni skránar, er annast um að ein skrá sje samín yfir öll mörk í sýslunni, eftir því formi, er hún ákveður. Markagjöldin renna í sýslusjóð, en hann greiðir aftur á móti, kostnað við samningu og prentun skráanna.

3. gr.

Sýslu-, hreppa- og bæjamörk fyrir Strandasýslu skulu prentuð með markaskránni. Öll þessi mörk eru brennimörk og eru þau þessi:

a) *Sýslumark.*

Str. = Strandasýsla.

b) *Hreppamark.*

Str. 1. = Bæjarhreppur.

Str. 2. = Öspakseyrarhreppur.

Str. 3. = Fellshreppur.

Str. 4. = Kirkjubólshreppur.

Str. 5. = Hrófbergshreppur.

Str. 6. = Kaldrananesshreppur.

Str. 7. = Árnesshreppur.

c) *Bæjamörk.*

Str. 1. Bæjarhreppur.

- | | |
|---------------------|-------------------------------|
| 1. Str. 1. Gilhagi. | 6. Str. 1. Valdasteinsstaðir. |
| 2. —»— Grænamýri. | 7. —»— Borðeyrartangi. |
| 3. —»— Melar | 8. —»— Borðeyri. |
| 4. —»— Fagrabrekka. | 9. —»— Kjörseyri. |
| 5. —»— Fjarðarhorn. | 10. —»— Kvíslar. |

73
8. ágúst

- | | | | | | |
|-----|---------|------------------|-----|---------|---------------|
| 11. | Str. 1. | Laxárdalur. | 20. | Str. 1. | Litla-Hvalsá. |
| 12. | —»— | Hlaðhamar. | 21. | —»— | Stóra-Hvalsá. |
| 13. | —»— | Bær. | 22. | —»— | Borgir. |
| 14. | —»— | Jónssel. | 23. | —»— | Kolbeinsá. |
| 15. | —»— | Bakkasel. | 24. | —»— | Guðlaugsvík. |
| 16. | —»— | Hrafnadalur. | 25. | —»— | Skálholtsvík. |
| 17. | —»— | Ljótunnarstaðir. | 26. | —»— | Miðhús. |
| 18. | —»— | Prestsbakki. | 27. | —»— | Heydalur. |
| 19. | —»— | Kollsá. | | | |

Str. 2. Óspakseyrarhreppur.

- | | | | | | |
|----|---------|---------------|-----|---------|-----------------|
| 1. | Str. 2. | Þambárvellir. | 7. | Str. 2. | Einfættingsgil. |
| 2. | —»— | Þórustaðir. | 8. | —»— | Gröf. |
| 3. | —»— | Brunngil. | 9. | —»— | Hvítahlíð. |
| 4. | —»— | Snartartunga. | 10. | —»— | Bræðrabrekka. |
| 5. | —»— | Óspakseyri. | 11. | —»— | Skriðinsenni. |
| 6. | —»— | Krossárakki. | | | |

Str. 3. Fellshreppur.

- | | | | | | |
|----|---------|-------------------|-----|---------|-------------------|
| 1. | Str. 3. | Broddadalsá. | 7. | Str. 3. | Miðhús. |
| 2. | —»— | Broddanes. | 8. | —»— | Steinadalur. |
| 3. | —»— | Stórafjarðarhorn. | 9. | —»— | Ljúfustaðir. |
| 4. | —»— | Þrúðardalur. | 10. | —»— | Litlafjarðarhorn. |
| 5. | —»— | Hamar. | 11. | —»— | Hlíð. |
| 6. | —»— | Fell. | | | |

Str. 4. Kirkjubólshreppur.

- | | | | | | |
|----|---------|------------------|-----|---------|----------------|
| 1. | Str. 4. | Kollafjarðarnes. | 9. | Str. 4. | Tindur. |
| 2. | —»— | Hvalsá. | 10. | —»— | Gröf. |
| 3. | —»— | Þorpar. | 11. | —»— | Heiðarbær. |
| 4. | —»— | Smáhamrar. | 12. | —»— | Húsavík. |
| 5. | —»— | Heydalsá. | 13. | —»— | Tungugröf. |
| 6. | —»— | Kirkjuból. | 14. | —»— | Tröllatunga. |
| 7. | —»— | Klúka. | 15. | —»— | Arnkötuldalur. |
| 8. | —»— | Gestsstaðir. | 16. | —»— | Vonarholt. |

Str. 5. Hrófbergshreppur.

- | | | | | | |
|-----|---------|----------------|-----|---------|-------------------|
| 1. | Str. 5. | Hrófá. | 11. | Str. 5. | Víðivellir. |
| 2. | —»— | Víðidalá. | 12. | —»— | Aratunga. |
| 3. | —»— | Þiðriksvellir. | 13. | —»— | Kleppsstaðir. |
| 4. | —»— | Vatnshorn. | 14. | —»— | Kirkjuból. |
| 5. | —»— | Skeljavík. | 15. | —»— | Hólar. |
| 6. | —»— | Kálfanes. | 16. | —»— | Staður. |
| 7. | —»— | Hólmavík. | 17. | —»— | Grænanes. |
| 8. | —»— | Ós. | 18. | —»— | Geirmundarstaðir. |
| 9. | —»— | Fitjar. | 19. | —»— | Gilsstaðir. |
| 10. | —»— | Hrófberg. | | | |

Str. 6. Kaldrananesshreppur.

| | | | |
|------------|---------------|-------------|--------------|
| 1. Str. 6. | Bólstaður. | 14. Str. 6. | Skarð. |
| 2. —»— | Bassastaðir. | 15. —»— | Sunddalur. |
| 3. —»— | Sandnes. | 16. —»— | Goðdalur. |
| 4. —»— | Hella. | 17. —»— | Svanshóll. |
| 5. —»— | Kleifar. | 18. —»— | Klúka. |
| 6. —»— | Hafnarhólmur. | 19. —»— | Ásmundarnes. |
| 7. —»— | Gautshamar. | 20. —»— | Reykjarvík. |
| 8. —»— | Drangsnæs. | 21. —»— | Brúará. |
| 9. —»— | Bær. | 22. —»— | Asparvík. |
| 10. —»— | Bjarnanes. | 23. —»— | Eyjar. |
| 11. —»— | Kaldrananæs. | 24. —»— | Kleifar. |
| 12. —»— | Bakki. | 25. —»— | Kaldbakur. |
| 13. —»— | Hvammur. | | |

73
8. ágúst

Str. 7. Árneshreppur.

| | | | |
|------------|-----------------|-------------|---------------------|
| 1. Str. 7. | Kolbeinsvík. | 15. Str. 7. | Bær. |
| 2. —»— | Byrgisvík. | 16. —»— | Árnæs. |
| 3. —»— | Veiðileysa. | 17. —»— | Melar. |
| 4. —»— | Kambur. | 18. —»— | Norðurfjörður. |
| 5. —»— | Kúvíkur. | 19. —»— | Krossnes. |
| 6. —»— | Kjós. | 20. —»— | Fell. |
| 7. —»— | Reykjarfjörður. | 21. —»— | Munaðarnes. |
| 8. —»— | Naustvík. | 22. —»— | Eyri. |
| 9. —»— | Kjörvogur. | 23. —»— | Ingólfsfjörður. |
| 10. —»— | Gjögur. | 24. —»— | Seljanæs. |
| 11. —»— | Reykjanæs. | 25. —»— | Ófeigsfjörður. |
| 12. —»— | Litla-Ávík. | 26. —»— | Drangavík. |
| 13. —»— | Stóra-Ávík. | 27. —»— | Drangar. |
| 14. —»— | Finnbogastaðir. | 28. —»— | Skjaldarbjarnarvík. |

4. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarsstaðar, þar sem fjallendi er nægilegt í hreppnum, og skal hún því jafna fjenu niður í löndin að rjettri tiltölu.

Nú er ekki nægilegt fjallendi til í einhverjum hreppi, fyrir innanhreppsfe, skal þá hreppsnefndin útvega upprekstrarland í öðrum hreppum ef unt er. Allar ráðstafanir hreppsnefndar í þessu tilliti, skulu birtar hlutaðeigendum í tæka tíð. Er hver fjáreigandi skyldur til, að reka geldfje sitt á fjall, samkvæmt ráðstöfunum hreppsnefndarinnar, nema hann hafi sjálfur útvegað sjer upprekstrarland í öðrum hreppi, en þá er hann skyldur til að tilkynna það landeiganda þeim, er honum bar upprekstur hjá, í síðasta lagi tíunda maí, ella gjaldi hann honum upprekstartoll.

5. gr.

Til þess að framkvæma ákvæði 4. gr., skal hver hreppsnefnd, þegar er reglugjörð þessi hefur öðlast gildi, semja reglur um notkun upprekstrarlands í hreppnum.

73 Sá sem er óánægður með ákvæði hreppsnefndarinnar, getur skotið máli sínu til sýslu-
8. ágúst nefndar, sem leggur endilegan úrskurð á málið.

6. gr.

Í þeim sveitum, sem að álitu hreppsnefndanna, aðeins hafa upprekstrarland fyrir fje sitt, skal öllum búendum bannað, að taka fje til uppreksturs, úr öðrum sveitum eða sýslum. Þó má landeigandi taka jafnmargt fje til uppreksturs, og þeim bar að reka í land hans, er nota rjett þann, sem veittur er í 4. gr. til þess að fá upprekstur utansveitar.

7. gr.

Í upprekstartoll greiðast 12 aurar fyrir hverja sauðkind, hvort heldur er lömb eða roskið, alls þess fjár, sem á fjall ber að reka, ef öðruvísi er eigi umsamið. Upprekstartollur skal greiddur fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

8. gr.

Tvær skulu fjallgöngur á hausti; fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal rjettað sjálfan leitardaginn, nema í Skarðsrjett, Staðarrjett og Árnæssrjett, þar sem rjettað skal að morgni þriðjudaginn næstan eftir. Þó skal hreppsnefnd Kaldranannesshrepps heimilt, að rjetta fyrsta leitardag í Skarðsrjett og láta eftirleit fara fram á miðvikudag. Sje heimildin notuð, skal hreppsnefndinni skylt, að tilkynna það nærliggjandi hreppum nægilega snemma.

Annar leitardagur skal vera, næsti miðvikumaður, þar eftir, nema í Kaldranannesshreppi, þar skal annar leitardagur vera, næsti fimtudagur eftir fyrra leitardag.

Annar rjettardagur skal vera sjálfan leitardaginn.

Þegar hreppsnefndin álfur það nauðsynlegt, getur hún skipað fyrir, að leita þriðju leit, og ákvæðið dag til þess.

9. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi. Hreppsnefnd skal leggja fjallskilakostnað, hlutfallslega eftir fjárfjölda, á hvern þann mann í hreppnum, er sauðkindur á. Einnig er hreppsnefnd heimilt að gjöra þeim mönnum meiri fjallskil, er búa á fleiri en einni jörð, hvort sem hann rekur þar upp nokkra kind eða ekki.

Heimilt er og hreppsnefnd, að meta allan fjallskilakostnað til peningaverðs, og jafna honum niður á allar sauðkindur í hreppnum og ábúð eftir því sem að framan greinir. Þegar fjallskil einhvers, nemur hálfu dagsverki, á hreppsnefnd heimting á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur.

Sá, er notar land utanhrepps fyrir fjenað sinn eða nokkurn hluta hans, skal hafa tikynt það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar, sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri og er hann þá undanþeginn fjallskilum þar fyrir þennan fjenað.

10. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega, í tæka tíð semja fjallskila-seðil, þar sem hún fyrirskipar hvernig fjallgöngum og heimalandsleitum skuli hagað, skal hún útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, sem stjórnir göngum leitaranna og annist um að alt fari vel og skipulega fram.

11. gr.

73

Fjallafje það, er á sumrum slangrar í kvíffe manna, skal tafarlaust skilja úr og reka 8. ágú t frá, svo það eigi verði kvífast.

12. gr.

I fjallleitum þeim, sem ákveðnar eru í 8. gr., skal öllu geldfje safnað til lögrjettar, bæði úr heimalöndum og upprekstrarlöndum. Heimaleitir og sundurdráttur á bæjum skal bannaður, en þó skal hreppsnefnd hafa leyfi til að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem brýna nauðsyn ber til, sakir þess hversu sjerstaklega hagar landi og afstöðu frá rjettarstöðum. En risi ágreiningur út af þessari undanþágu, skulu hlutaðeigendur hlíta úrskurði sýslunefndar. Geldfje það af öðrum bæjum, er kyuni að vera saman við búsmalann leitardaginn, eru hlutaðeigendur skyldir til að skilja frá og koma því í fjallsafn eða til rjettar í tæka tíð.

13. gr.

Leitarstjóri skal hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum sínum, en hreppsnefndin kærir slíkt til sekta, samt alla aðra skylduvarækt í tilliti til fjallskila.

14. gr.

Ein eða tvær skulu lögrjettir vera fyrir hvern hrepp á þeim stöðum, sem hjer greinir:

- Í Bæjarhreppi að Melum og Kollsá.
- Í Óspakseyrarhreppi að Snartartungu.
- Í Fellshreppi að Felli.
- Í Kirkjubólshreppi að Kirkjubóli
- Í Hrófbergshreppi að Viðidalhá og Stað.
- Í Kaldrananeshreppi að Skarði.
- Í Arnesúreppi að Árnesi.

15. gr.

Valdi bygging lögrjettar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafist, koma fult endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps eftir mati óvilhallra manna, sem rjetturinn útnefnir.

16. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um að fjárrjettir sjeu í gildu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að engin þurfi út að hleypa fyr en fjárrætti er lokið.

Utanhreppsmenn skulu í þeim lögrjettum þar sem þeir eiga von á töluverðum fjenaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka, eftir nákvæmri fyrirsögu hlutaðeigandi hreppsnefndar. Það er skylda hvers jarðarabúanda og fjáreiganda, sem er í sjálfsmensku, að vinna að rjettarbyggingu eða aðgerð, samkvæmt fyrirskipunum hreppsnefndarinnar.

Allur slíkur kostnaður jafnast niður á hreppsþúa í hlutfalli við sauðfjáreign þeirra.

17. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar, skal ávalt vera við taddur við rjettarhaldið, eða annar,

73 er hann til þess kveður til þess að hafa umsjón með því, að alt fari vel og skipulega fram, 8. ágúst og eru því allir, sem vinna ber að rjettarhaldinu skyldir til að hlýða fyrirskipunum þeirra.

18. gr.

Rjettarstjóri skal skipa menn til þess að líta eftir því, svo vel sem unt er, að fje ekki misdragist, svo sem með því setja þá við dilksdyr, þar sem hættast er við misdrætti, eða fela þeim að gæta í dilka áður en út er hleypt.

19. gr.

Rjett er að hreppsnefndin ákveði í leitarseðlinum, ef hún álitur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skuli leggja til í rjettina og má enginn, sem skyldur er að gegna rjettarstörfum, fara fyrri en sundurdrætti er lokið, nema rjettarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til rjettarstarfa að töf verði að, er rjettarstjóra heimilt að ráða menn upp á hans kostnað til þess að draga fje hans.

20. gr.

Enginn má marka kindur í lögrjettum, nema með samþykki rjettarstjóra og undir umsjón hans.

21. gr.

Rjettarstjóri skal annast um, að ómerkingar sju dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal áður en rjettarhaldinu er lokið, láta lambsmæður helga sjer dilka sína, undir umsjón hans. Þeir ómerkingar sem lambsmæður ekki helga sjer í fyrstu rjett, skulu geymdir í úrtíningi þangað til í annari rjett, en ómerkinga þá, sem engin getur þá helgað sjer, skal þegar selja og rennur andviðri þeirra í sveitarsjóð. Mýjetið fje skal og selt í lög-rjett og rennur andviðri þess sömuleiðis í sveitarsjóð.

22. gr.

Rjettarbónda skal gjalda 6—12 kr. í rjettartoll árlega eftir samkomulagi við hreppsnefnd eða eftir mati óvilhallra manna.

23. gr.

Engum skal leyft að hleypa heimtufje aftur á fjall fyrir síðustu fjalleitir.

24. gr.

Skilarjettir skulu haldnar í hverjum hreppi þar og þá daga, er hjer segir:

Í Bæjarhreppi að Melum þriðjudaginn í 23. viku sumars og á Kollsá miðvikudaginn í 23. viku sumars.

Í Óspakseyrarhreppi að Særtartungu miðvikudaginn í 23. viku sumars.

Í Fellshreppi að Felli, föstudaginn í 24. viku sumars.

Í Kirkjubólshreppi að Kirkjubóli, fimtudaginn í 24. viku sumars.

Í Hrófbergshreppi að Stað miðvikudaginn í 23. viku sumars og að Vöðirdalsá fimtu-daginn í 24. viku sumars.

Í Kaldranannesshreppi að Skarði föstudaginn í 24. viku sumars.

Í Arnesshreppi að Arnesi fimtudaginn í 24. viku sumars.

25. gr.

Úrtíningur úr fyrstu og annari rjett, skal forsvaranlega geymdur hjá þeim, sem hreppnefndin ákveður, þar til eigendur vitja hans, og síðasti úrtíningur til skilarjettardags. Borgun fyrir gæslu úrtínings er 10 aurar fyrir hverja kind um sólarhringinn, er greiðist þegar kindin er afhent, og er ekki skylt að sleppa óskilafje, nema gæslukostnaður sje borgaður.

73
8. ágúst

26. gr.

Alt það úrtíningsfje, sem kemur fyrir í hreppnum eftir leitir, en fyrir skilarjettir, skal rekast bæ frá bæ þangað, sem úrtíningur er geymdur, og geymast ásamt honum. Sá, sem sleppir rekstri eða fer óforsvaranlega með hann, sæti sektum, og greiði auk þess skaðabætur, ef sannað verður, að kind hafi farist fyrir vanrækslu hans. Sama ákvæði gildir um þá, sem sækja fje í aðrar rjettir. Innansveitarfje skal rekast bæ frá bæ, skemstu leið til eiganda, einnig það, sem finst eftir skilarjett.

27. gr.

Uppboð á úrtíningsfje því, sem ekki spyrst í skilarjett, eða ekki verður komið til eiganda, skal haldið að nóni sjálfan skilarjettardaginn. Þó er hreppstjóra heimilt, að ráðstafa óskilakindum til sölu í næsta kaптún, ef hann telur eiganda það hagkvæmara.

28. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverri sveit eftir afstaðnar skilarjettir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörslum hreppnefndarinnar, sem annast um, að eigendunum verði við fyrsta tækifæri gjört aðvart um það. Hafi eigendur ekki leitt sig að kindum þessum á Marteinsmessu, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst almeunungi í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilarjettir, og enginn þekkir eigendur að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er birt sje á lögboðinn hátt í hreppnum.

29. gr.

Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt og eigendur þekkjast eigi að, skal við lok hvers árs sendast oddvita sýslunefndarinnar, og skal hann sjá um, að lýsingar þessar sjeu auglýstar í Lögbirtingablaðinu. Hver sá, sem sannar eignarrjett sinn að hinu selda fje, fær andvirði þess að frádragnum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir næstu septemberlok.

30. gr.

Mánudaginn í 11. viku sumars skal á vori hverju í öllum hreppum sýslunnar fram fara almenn smölun á sauðfje til rúningar. Skal þá ábúandi hverrar jarðar leita vandlega heimaland sitt, og hirða alt óruíð fje, er í því kann að finnast, og koma öllu afbæjar fje í skilarekstrum aleiðis til eiganda, ella rýja úruíð fje, og skila eigandanum ullinni, og marka

73 Ómörkuð lömb undir mark eiganda. Almenn smölun til skilarjettar í Bæjarhreppi skal vera 8. ágúst mánuðagiun í 23. viku sumars. Auk þess er hreppsnefndum heimilt að fyrirskipa fleiri smalanir á vori, á þeim tíma, er henni þykir henta, og sömuleiðis svo oft sem þeim þurfa þykir, eftir skilarjettir að haustinu og er þá öllum fjáreigendum jafnskylt, að hlíta fyrirskipunum hreppsnefndanna í þessu efni, eins og að því er snertir fjallskil að haustinu.

Sá, sem finnur fje eftir 15. október úr öðrum sýslum, getur krafist $\frac{1}{8}$ verðs kindarinnar í fundarlaun.

31. gr.

Kaupmönnum og verslunarfjeldagsstjórum skal skylt að hafa áreiðanlega eftirlitsmenn við slátrun á öllum fjárrekstrum, sem af öðrum eru reknir til þeirra til slátrunar, og skulu eftirlitsmenn þessir hafa nákvæmar gætur á, að þeir, sem með rekstra þessa koma, sjeu rjettir eigendur og umráðamenn fjáris. Til þess að koma þessu í framkvæmd, skulu eftirlitsmenn skoða mark á hverri sauðkind, sem til slátrunar er látin. Komi fyrir kind við eftirlit þetta, með óglöggum mörkum, eða sem vafi getur leikið á, hvort sje rjett eign seljanda, skulu markskoðendur, við votta, skrifa upp aldur, lit og mark kindarinnar, svo og skýringar seljanda, og senda það svo fjótt sem unt er til hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem seljandi á heima.

Þeir, sem fje taka til slátrunar, kosta sjálfir þann mann, sem eftirlitið hefir:

32. gr.

Hrossaeigendur skulu skyldir til að hafa greinilegt eyrnamark á öllum hrossum veturgömlum og eldri, þeim er sjálfala ganga.

33. gr.

Skyldur skal hver maður að koma öllum sínum ótömdum hrossum á afrjett eða til fjalls, svo snemma á vori hverju, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd álitur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt að hafa hross þessi í heimahögum frá því þau eiga að rekast og til rjetta á hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti ómögulegt að fá handa þeim fjalland fyrir sanngjarna borgun, ellegar að heimalandi trippaeiganda sje svo varið, að hann geti öðrum skaðlaust haft þau heima.

34. gr.

Öllum ótömdum hrossum skal smalað til rjetta í annari leit. Hross þau, sem eftir verða þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafje (sambr. 25. gr.). Þá skulu þau seld með 3 vikna auglýsingarfresti, fyrir sóludag, og 6 vikna innlausnarfresti eftir sóludag.

Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyr en innlausnarfrestur er liðinn. Gjaldfrestur á söluverði er einnig 6 vikur.

Vöktunarkostnaður fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 1 krónu á sólarhring, nema hrossin komi á hús og hey.

35. gr.

Brot gegn geglugjörð þessari varða 5—100 kr. sektum, er allar renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

Með mál sem rísa út af reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

36. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugjörð fyrir Strandasýslu frá 15. desbr. 1914.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans

Oddur Hermannsson.

Vígfús Einarsson,

Reglur

um afnot af eignum Isafjarðar og gjöld fyrir þau o. fl.

I. KAFLI.

Um notkun vatnsveitu og sölu vatns.

1. gr.

Vatnsnefnd hefir umsjón með vatnsveitu bæjarins og vatnssölu, svo sem segir í samþykkt um stjórn bæjarmálefna.

2. gr.

Eigi má leggja vatnsæð úr vatnsveitunni án leyfis vatnsnefndar. — Nema sérstaklega sé um samið, má eigi nota vatnsveituna til annars en heimilisþarfa bæjarmanna og atvinnureksturs. Þó getur vatnsnefnd með samþykki bæjarstjórnar bannað afnot vatnsveitunnar til atvinnureksturs.